



25.2. 2002  
6/222/LÓ/rlg

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Vísa til bréfs yðar dags. 12. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um unglíngamóttöku og getnaðarvarnir, 317. mál.

Þingsályktunartillagan felur í sér tvö mál sem vert er að taka til umfjöllunar. Hvað fyrra atriðið varðar, um opnun unglíngamóttöku, skal tekið fram að opnuð hefur verið unglíngamóttaka í Heilsugæslunni Seltjarnarnesi, sem þjónar auk íbúa Seltjarnarness íbúum Reykjavíkur vestan Hringbrautar og norðan flugvallar. Auk þess er að opna unglíngamóttaka í Heilsugæslunni Kópavogi. Því má bæta við að farnar eru af stað viðræður milli Félagsþjónustu Mosfellsbæjar og Heilsugæslunnar um samvinnuverkefni vegna sálfræðiþjónustu í grunnskólum. Tel ég því ekki ástæðu til þess að fara hraðar í sakirnar en gert hefur verið þegar varðandi unglíngamóttökur á höfðuborgarsvæðinu.

Hvað síðara atriðið varðar, um getnaðarvarnir, tek ég undir þá hugmynd sem þarna kemur fram og tel brýnt að finna þá virkustu leið sem kemur í veg fyrir ótímabærar þunganir, einkum ungra stúlkna.

Virðingarfyllst,

Lúðvík Ólafsson,  
lækningaforstjóri Heilsugæslunnar.